

Fundargerð foreldrafélags leikskólans Leikskála

Fundur haldinn fimmtudaginn 28. febrúar 2019 kl. 20.00.

Mættir voru: Aníta, Ásta Rós, Hanna María, Birna Hlín, Auður Ösp og Halldóra.

1. Gjöf til leikskólans. Aníta hefur ekki fengið viðbrögð við tölvupóstum til Krumma og ekki búið að afhenda alla pöntunina og reikningurinn sem við fengum var ekki réttur. Ásta Rós ætlar að hringja á morgun og athuga með þetta.
2. Rædd bankareikningamál. Þurfum að uppfæra stjórn foreldrafélagsins á heimasíðu leikskólans. Hanna María sendir á leikskólastjóra.
3. Kökubasarinn gaf svipað og síðustu ár. Ætlum að kaupa stimpil til að merkja inn á reikningana eftir ófarir síðustu ára.
4. Rædd staða á bankareikningi.
5. Bingó. Athuga með Rauðkusal spurning hvort salurinn sé laus 11. apríl. Skiptum á milli okkar fyrirtækjum. Skilafrestur vinninga 31. mars. Þurfum að athuga með bingóvél.
6. Ásta Rós athugar með páskaegg fyrir börnin.
7. Næsti fundur áætlaður miðvikudagurinn 3. apríl kl. 20.

Fundi slitið kl. 22:05.